

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar

Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður

Suðureyri 26.1.2023

Ágæta bæjarráð.

Á 1219. fundi bæjarráðs þann 11. Janúar 2021 var tekið fyrir erindi frá Hofsú þar sem óskað var eftir því við Ísafjarðarbæ að eigendamál Félagsheimilis Súgfirðinga yrðu lagfærð og komið í rétt horf, rekstrarsamingur við Hofsú endurnýjaður og jafnframt óskað eftir fjármagni í nýja viðbyggingu við húsið. Afgreiðsla bæjarráðs var eftirfarandi:

„Bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna að réttri þinglýsingu eignahalds hússins og endurnýjun samnings um rekstur hússins.

Bæjarráð vísar erindi um fjármögnun viðbyggingarinnar til fjárhagsáætlunagerðar 2022.“

Á vormánuðum 2022 sendum við erindi til bæjarráðs til að minna á þessa afgreiðslu og að ekkert hefði verið haft samband við okkur vegna málsins. Einhverra hluta vegna rataði það erindi ekki á borð bæjarráðs og hlaut því ekki afgreiðslu. Í framhaldi vann bæjarritari að smíði yfirlýsingar á eignarhaldi hússins af hálfu eigenda sem nægði til að leysa eignarhaldsmálið. Það fór í þinglýsingu í haust og í framhaldi af því var því hægt að þinglýsa eignarhlut sem Verk-Vest hafði gefið Hofsú árið 2009 á félagið. Það er því búið að leysa eignarhaldsmálið á tæpum tveimur árum.

Síðan í fyrrahaust hefur einnig verið unnið að gerð rekstrarsamnings. Sú vinna hefur gengið illa. Hofsú hefur ítrekað reynt að ljúka gerð samningsins í tölvusamskiptum en krafa bæjarritara og bæjarstjóra hefur verið að hitta forsvarsmenn félaga allra eigenda hússins saman í eigin persónu. Ekki hefur enn gengið að koma á þeim fundi og þá helst vegna annríkis þeirra sjálfra.

Starfsleyfi og heilbrigðisleyfi eru alltaf á hendi rekstraraðila og þar sem Hofsú er án samnings við aðra eigendur er tæknilega enginn rekstraraðili að húsinu. Hofsú hefur gert það að algjöru skilyrði fyrir því að sótt sé um rekstrarleyfi að samningur sé í höfn. Gamli samningurinn var aðeins til þriggja ára og rann út án þess að nokkur veitti því eftirtekt. Við höfum tekið þann pól í hæðina að láta þetta samningsleysi samt ekki koma í veg fyrir að húsið nái að sinna hlutverki sínu í samfélaginu en nú erum við komin upp að vegg þegar rekstrarleyfisleysi á húsinu kemur í veg fyrir að hægt sé að gefa út tækifærisvínveitingaleyfi. Einnig hefur það í för með sér kostnaðarauka fyrir aðra eigendur en Ísafjarðarbæ því fasteigna- og veitugjöld sem áður voru Ísafjarðarbæjarmegin í rekstrarsamningnum eru nú komin til innheimtu á aðra eigendur.

Á 1227. fundi bæjarráðs þann 23.1. sl. þar sem tekin var fyrir umsókn um tækifærisvínveitingaleyfi á húsið var afgreiðsla bæjarráðs eftirfarandi:

„Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við að þorablót sé haldið á Suðureyri á umræddum tíma með leyfi til sölu áfengis, en gerir þó athugasemdir við staðsetningu skemmtunar þar sem gilt starfsleyfi er ekki til staðar vegna samkomuhússins, eins og skylt er skv. lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Umsögn sveitarstjórnar skal m.a. taka til þess hvort starfsemi sé í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 5. mgr. 17. gr., sbr. og d. lið 1. tl. 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007. Bæjarráð beinir þeim tilmælum til rekstraraðila samkomuhússins að sækja um starfsleyfi.“

Það að bæjarráð í afgreiðslu sinni vísi þessum tilmælum til „rekstraraðila“ á sama tíma og bæði bæjarstjóri og bæjarritari sitja fundinn þar sem afgreiðslan fer fram og vita báðar upp á hár hvernig í málum liggur finnst okkur í besta falli einkennilegt. Mætti skilja að rekstrarsamningur sé aukaatriði í þeirra augum. Samningurinn eins og Hofsú vill sjá hann hefur legið fyrir síðan í nóvember og hefur

hann verið kynntur öðrum eigendum, Stefni og Ársól sem hafa bæði engar athugasemdir við hann. Einnig var hann sendur Bæjarstjóra en tæknilegt klúður varðandi vistun á skjalinu varð til þess að röng útgáfa rataði fyrir bæjarráð og ekki vilji til að leggja þá réttu fyrir fyrr en nú nokkrum vikum seinna.

Vilji Hofsú stendur til þess að bæjarráð samþykki þennan samning enda er ekkert í honum sem íþyngir Ísafjarðarbæ umfram eldri samning, frekar í hina áttina. Auknar kvaðir í honum eru allar á Hofsú.

Í framhaldi mun Hofsú síðan óska eftir viðræðum við aðra meðeigendur um viðbygginguna við húsið með það fyrir augum að gera samning um framkvæmdina.

Með fyrirfram þökk,

F.h. Hofsú, Hollvinasamtaka Félagsheimilis Súgfirðinga,

Valur S. Valgeirsson.